

Reykjavík, 21. nóvember 2020

Efni: Umsögn um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar regluverks

Frumvarpið skortir greiningu á hverri starfsgrein fyrir sig og mat á ábata ásamt áhættu vegna breytinganna. Heppilegast væri því að undirbúa breytingarnar betur og leggja frumvarpið svo fram að nýju. Sem dæmi má nefna:

1. Mikil kostnaður er vegna einokunar og verðlagningar lögfræðinga á starfi skiptastjóra en frumvarpið tekur það ekki fyrir. Erlendis eru fleiri starfsstéttir sem geta tekið að sér þetta starf og úthlutun verkefna tekur verðlagningu til greina. Starfið krefst einnig þekkingar sem ekki er kennd í lögfræðinámi.
2. Ekkert er fjallað um heilbrigðisstéttir en langstærsta hluta skatttekna ríkisins er varið í heilbrigðismál og þar er því mögulega gríðarmikill ábati ef regluverk löggildingar er einfaldað. Skilvirkt kerfi og gagnsætt þarf að vera fyrir aðila sem hafa menntað sig erlendis að fá starfsréttindi hérlandis.
3. Settar eru fram aðrar breytingar í frumvarpinu sem munu líklega engum ábata skila því þar er samkeppni mikil, til dæmis meðal hagfræðinga. Þótt vissulega sé hægt að færa fram einföldunar rök fyrir því að afnema löggildingu sem þessa. Því fylgir þó áhætta til dæmis varðandi seðlabankastjóra þar sem Ísland hefur ekki góða hefð. Þar til nýlega var horft meira til stjórnmalareynslu en menntunar við ráðningu í þetta mikilvæga embætti, og hætt við að það geti farið aftur í fyrra horf. Almennungur á erfitt með að meta hæfni í starf sem þetta ef engin löggildingu er til staðar og hefð um kröfur skortir. Núverandi lög um Seðlabanka Íslands eru óskýr varðandi hæfniskröfur.
4. Frumvarpið fer ekki eftir greiningu OECD í ýmsum atriðum án þess að rökstyðja frávikið. Varðandi arkitekta, hönnuði, verkfræðinga, smíði, rafvirkja, byggingastjóra, pípara, bakara, ljósmyndara. Þekkt er og kemur fram í greiningu OECD, að mörg þessara starfa eru mjög kostnaðarsöm hérlandis og aðgangshindranir í starfið valda líka töfum t.d. við framkvæmdir.

Heimildir:

- Um greiningu varðandi þörf á löggildingu starfsheita: Regulation, Competition and the Professions,
https://www.accc.gov.au/system/files/Fels_Industry_Economics_14_7_01%5B1%5D.pdf
- Um starf skiptastjóra erlendis, t.d. í Bretlandi:
 - <https://www.liquidation.co.uk/liquidation-rules-regulations>
 - <https://www.gov.uk/find-an-insolvency-practitioner>